

Fundargerð 4. fundar ferðamálaráðs

Fundur haldinn hjá menningar- og viðskiptaráðuneyti 8. desember 2022, kl. 12:00

Dagskrá:

1. Fjárfestingar í ferðapjónustu.
2. Minnisblað um gögn og gagnaöflun í ferðapjónustu.
3. Önnur mál.

Mætt: Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir (tilnefnd af FJR), Arnheiður Jóhannsdóttir (varaformaður), Jóhannes Þór Skúlason (SAF), Ingvi Már Pálsson (MVF), Skarphéðinn Berg Steinarsson (FMS, vék af fundi kl. 13:40), Bjarnheiður Hallsdóttir (SAF), Sigtryggur Magnason (IRN, vék af fundi 13:25).

Mætt í fjarfundi: Sigrún Elsa Smáradóttir formaður (tilnefnd af MVF), Páll S. Brynjarsson (tilnefndur af SAF, vék af fundi kl. 13:15).

Forföll: Þórdís Lóa Þórhallsdóttir (SÍS), Steinar Ingi Kolbeinsson (URN).

Gestir: Gréta María Grétarsdóttir (Arctic Adventures), Högni Hjálmtýr Kristjánsson (Kaldalón), Valdimar Ármann (Arctica finance), Daníel Svavarsson (MVF), Diljá Matthíasardóttir (SAF).

Formaður bauð fundargesti velkomna og fól varaformanni að stýra umræðum.

Umræður og afgreiðsla:

1. Fjárfestingar í ferðapjónustu
 - a. Gréta María frá Arctic Adventures, Högni Hjálmtýr frá Kaldalóni og Valdimar frá Arctica finance komu með stutt innlegg í upphafi fundar út frá sínu sjónarhorni og reynslu og í kjölfarið tóku þau þátt í umræðum með fundarmönnum.
 - b. Helstu umræðuefni fundarins:
 - i. Skortur á fjárfestingu í menntun í ferðapjónustu.
 - ii. Skortur á fjárfestingu í aðgengi, t.d. að jöklum.
 - iii. Skortur á betri gögnum og fyrirsjáanleika fyrir fjárfesta, sérstaklega um landsbyggðina.
 - iv. Skortur á fjárfestingu í innviðum, t.d. vegasamgöngum.
 - v. Þarf að jafna árstíðarsveifluna.
2. Minnisblað um gögn og gagnaöflun í ferðapjónustu.
 - a. Verður sent ferðamálaráði til samþykktar.
3. Önnur mál.
 - a. Umræða um menntun í ferðapjónustu.
 - i. Menntun og gæði í ferðapjónustu á dagskrá ráðsins 28. febrúar. Ákveðið að bjóða Hæfnisetri ferðapjónustunnar á þann fund.
 - b. Dagskrá ferðamálaráðs.
 - i. Ákveðið að fella niður fund 10. janúar og ræða stefnumótun og aðgerðaráætlun 31. janúar.
 - c. Tilkynnt að Alda Þrastardóttir (FMS) taki við sem starfsmaður ferðamálaráðs af Guðnýju um áramótin.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:50.

Fundargerð ritaði Guðný Hrafnkelsdóttir (FMS).